



# NORDNET 2007

## PROJECTS UNDER RISK

A CONFERENCE ON PROJECT MANAGEMENT

Nordica Hotel, Reykjavik, Iceland, 26<sup>th</sup> – 28<sup>th</sup> of September 2007

Fréttatilkynning – Reykjavík, 18. september 2007

## Verkefni í voða – “Projects Under Risk”.

Heimspæktir fyrirlesarar og umfjöllun um áhættu frá fjölda sjónarhorna einkenna alþjóðlegu ráðstefnuna „**Projects Under Risk**” sem Verkefnastjórnunarfélag Íslands stendur fyrir í samvinnu við **NORDNET**, dagana 26. – 28. september nk.

Eins og glögg má ráða af fréttum undanfarinna vikna eru mörg verkefni áhættusöm. Áhætta í sinni margbreytilegustu mynd er því fræðimönnum, starfsmönnum og stjórnendum sífellt hugleiknari. Stjórnun áhættu gegnir lykilhlutverki í verkefnum í heimi fjármála, tækni og framkvæmda sem og hjá hinu opinbera.

Í samvinnu við Háskólann í Reykjavík hafa valist á ráðstefnuna heimskunnir fyrirlesarar á borð við fjármálasérfræðinginn [Prof. Mark Williams](#) frá Boston University og framkvæmdasérfræðinginn [Dr. Marc Sachon](#) frá IESE. Íslensku aðalfyrirlesararnir eru ekki síður áhugaverðir en þeir eru [Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir](#) alþingismaður og [Baltasar Kormákur](#) athafnamaður, leikstjóri, framleiðandi og leikari.

Meðal annarra fyrirlesara má nefna:

- [Heiðrúnu Ragnarsdóttur](#), yfirmann verkefnastjórnunar í þróunardeild Össurar,
- [Hilmar Veigar Pétursson](#), forstjóra CCP
- [Dr. Helga Þór Ingason](#) dósent við HÍ
- [Þórð Víking Friðgeirsson](#), aðjúntkt við HR,
- [Tamara Roesel](#), verkefnastjóra hjá Kaupþingi
- [Bjarna Pálsson](#) verkefnastjóra hjá Landsvirkjun.
- [Dr. Þorstein Sigfússon](#), Háskóla Íslands
- [Scott Raskin](#), framkvæmdastjóra Mindjet
- [Dr. Ginger Levin](#), verkefnastjórnunarráðgjafa og lektor við háskólann í Platteville, Wisconsin

Þá munu nýútskrifaðir verkefnastjórar kynna niðurstöður rannsóknarverkefna um verkefnastjórnun í dagskrárlíð sem nefnist **Project Leaders of the Future**.

Athygli skal vakin á því að allir fyrirlestrarnir fara fram á ensku.

Í fyrirlestrum verður fjallað um verkefni og áhættu frá ólíkustu sjónarhornum s.s.:

- Áhættustjórnun í fjármálaþjónustu
- Ófyrirséða atburði og áhættu
- Verkefnastjórnun við Kárahnjúkaverkefnið
- Sálrænar hindranir nýsköpunar og aðferðir til að yfirstíga þær
- Fræðilegt yfirlit áhættustjórnunar í verkefnum
- Bankastarfsemi og áhættustjórnun – fortíð, framtíð og nútíð
- Djúpbörðun á Íslandi, samvinnuverkefni yfir 100 vísindamanna og verkfræðinga
- Áhættu sem felst í því að velja fólk í verkefnishópinn
- Framleiðslustjórnun m.v. breytilega eftirspurn
- Árangursrík samskipti í verkefnishópi,

Alls er um að ræða 28 fyrirlestra sem ráðstefnugestir geta valið úr og er fyrirlestrunum skipt í þrjár línur, Fremst í flokki (State of the Art), Nýsköpun (Innovation) og Rannsóknir (Research).

Í framhaldi ráðstefnunnar kemur út bók frá JPV útgáfu um áhættustjórnun og ákvörðunargreiningu eftir Þórð Víking Friðgeirsson verkfræðing og aðjúnkt við HR. Hefur bókin fengið nafnið **Áhætta, óvissa og ákvarðanir**.

**Ráðstefnan er haldin 26-28. september á Hótel Nordica.**

Frekari upplýsingar; ítarlega dagskrá ásamt upplýsingum um fyrirlesara og fyrirlestra og skráningarsíðu er að finna á: <http://www.congress.is/nordnet2007>

Fjölmörg fyrirtæki leggja ráðstefnunni lið, þau helstu eru Landsnet, Háskólinn í Reykjavík, Landsvirkjun og RARIK. Á heimasíðu ráðstefnunnar er að finna tæmandi lista yfir styrktaraðilana.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Hannesson, sími 530-1400 / 693-1424, [gh@rikiskaup.is](mailto:gh@rikiskaup.is) og Sigurlína Ingvarsdóttir sími 694-9732, [lina@ccpgames.com](mailto:lina@ccpgames.com).